Hugulsöm jólaglaðning.
2 blöð. Merkt: "Amma". 7.

## Hugulsöm jólaglaðning

1.

Það mun ekki hafa verið fyr en á þriðja dag jóla, að tök voru á því fyrir eitt af dagblöðum bæjarins – samblaði og málpípu rauðkembinganna og landsstjórnarinnar, að flytja nokkrum fátækustu niðrunum þessa bæjar þá fregn, að börn þeirra, reglulegir óvitar, 5–7 ára, hefðu lent í reiðileysi á götunum úti um hánótt og stolið einhverju eða ætlað að stela.

Þetta, að særa niðurna, sem sennilega hafa ekkert um ~~þetta~~ það vitað, var nú, eins og oft áður, hugulsamasta jólaglaðningin, sem óartarseggir samblaðsins rétti að þeim, og auk þess fylgdi rakalaus frásögn þess um að börnin hefði verið látin afskiftalaus af heimilanna hálfu, svo rakalaus, að blaðsneipan varð að éta hana ofan í sig daginn eftir, og þannig lýsa því yfir að það hefði farið með vísvitandi ósannindi og er það ekki meira en venjulegt er úr þeirri átt.

En hverir eru það, sem komið hafa slíku ástandi á hér í bænum og víðar? Vilja ekki rauðkembingarnir viðurkenna það og lýsa því opinberlega yfir, að það sé, eins og almenningur veit, að það er árangur iðju þeirra sjálfra nú um 20 ára skeið? Er hann ekki gleðilegur fyrir þá?

menn muna sennilega eftir því, að nú fyrir tveim árum, 2.
var einmitt stofnaður skóli meðal barna til að afkristna
þau og kenna þeim að virða að engu neitt það er öðrum
hefir verið og þarf að vera heilagt. Að þessum skóla
hafa nú staðið einmitt þeir hinir sömu ólánsgepslar.
sem nú básúna það í saurblaði sínu, hvar og hvernig
kenslunni er nú komið í þessum efnum og árangurinn
er mikill, en almenningi andstyggilegur og sárastur
fyrir mæðurna og því var sjálfsagt að segja það, ef vera
kynni að einhver glæta væri eftir af kærleika og ástúð til
sinna eigin barna, sem ekki mega vamm þeirra vita.

Einmitt nú, er ég skrifa þetta, heyri ég Sigurð Flateyjark.
vera að þvögla á mörgum afböktuðum enskum nöfnum og
orðum, svo góglaralega af stirðmælum í framburði, að enginn
skilur, en jafnframt garga því að mér og öðrum, að „dygð-
irnar séu úreltar og komi engum að gagni við nútíma viðfangs-
efnin." Og svo er þessi glamrari að nefna nafn Jesú Krists, með
sínum venjulega fjálgleik og fyrirlitningu, sem „postula hinna
úreltu fornu dygða", sannleikans, hógværðarinnar og ráðvendni-
innar. Já, það undrar víst engan að heyra þennan „vígða" kennara
æskulýðsins ~~[illegible]~~ fara fyrirlitningar-orðum um þann meistara
og í þessum anda vinnur þessi skóli hans og annara rauðkemb-
inga, er ég mintist á áðan.

Tilgangurinn er þessi: að ná í börnin, 5-7 ára, kenna þeim að fyrir-
líta „hinar úreltu, fornu dygðir" og síðan, þegar þau þykjast hafa lært

Sjá framh. næsta
eftir bls. 1.